

# Fundargerð 422. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2020, mánudaginn 27. apríl kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ólafur Þór Snorrason, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Pétur Ólafsson, Lúðvík Geirsson og Björn Arnaldsson.

Rebekka Hilmarsdóttir boðaði forföll.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 421. fundar - 1909002HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 421. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 20. mars 2020.

*Fundargerðin staðfest og verður undirrituð á næsta viðverufundi.*

### 2. Ársreikningur Hafnasambands Íslands 2019 - 2004002HA

Lögð fram drög að ársreikningi hafnasambandsins fyrir árið 2019

*Samþykkt að vísa ársreikningnum til kynningar hjá aðildarhöfnum, sbr. ákvæði í 5. mgr. 5. gr. laga hafnasambandsins, og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum. Afgreiðslu frestað þar til þessu er lokið.*

### 3. Vorfundur 2020 - 1910003HA

Rætt um fyrirhugaðan vorfund hafnasambandsins 2020.

*Samþykkt að fresta fyrirhuguðum vorfundi hafnasambandsins.*

### 4. Rekstur hafna - áhrif COVID-19 - 2004003HA

Rætt um áhrif COVID-19 á rekstur hafna.

*Stjórn Hafnasambands Íslands samþykkir að láta gera úttekt á stöðu hafnasjóða í ljósi Covid-19. Formanni og starfsmanni falið að vinna að málinu.*

Guðmundur Kristjánsson fór af fundi kl. 12:00.

### 5. Orkuskipti í höfnum og haftengdri starfsemi - beiðni um upplýsingar - 2004001HA

Lagður fram tölvupóstur frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 7. apríl 2020, þar sem óskað er eftir upplýsingum um verkefni á sviði orkuskipta sem hægt væri að ráðast í.

*Stjórn hafnasambandsins hvetur hafnir til að bregðast sem fyrst við erindi ráðuneytisins.*

Fundi var slitið kl. 12:15

---

Gísli Gíslason

---

Ólafur Þór Snorrason

---

Eydís Ásbjörnsdóttir

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Hanna Björg Konráðsdóttir

---

Pétur Ólafsson

---

Lúðvík Geirsson

---

Björn Arnaldsson

---

Valur Rafn Halldórsson